Árið 1991, mánudaginn 27. maí var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Jóni Finnssyni, Jónasi A. Aðalsteinssyni, Ólafi Nilssyni, Brynjólfi Sigurðssyni og Jóni Þorsteinssyni.

**Fyrir var tekið:**

**1. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga nr. 92/1986 tekur til, ríkissáttasemjara og ríkisendurskoðenda.**

---

I

Frá 1. júní 1991 skulu laun forseta Íslands vera 328.731 krónur.

II

Frá 1. júní 1991 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 273.416 krónur en laun annarra hæstaréttardómara 248.560 krónur.

III

Frá 1. júní 1991 skulu laun forsætisráðherra vera 317.702 krónur en laun annarra ráðherra 288.818 krónur, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.

IV

Frá 1. júní 1991 skulu laun ríkissaksóknara vera 248.560 krónur.

V

Bæjarfógetinn í Kópavogi
Flugmálastjóri
Orkumálastjóri
Rafmagnsveitustjóri ríkisins
Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins
Ríkislögmaður
Skattrannsóknarstjóri
Tollstjórinn í Reykjavík
Yfirborgarfógetinn í Reykjavík
Yfirborgardómarinn í Reykjavík
Yfirsakadómarinn í Reykjavík

202.589 krónur: Sendiherrar

210.026 krónur: Forstjóri ríkisspítalanna
Landlæknir
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Póst- og símamálastjóri
Rektor Háskóla Íslands
Ríkisskattstjóri
Vegamálastjóri

Ákvörðun þessa kafla tekur ekki til þeirra, sem nota heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92/1986.

## XI

Um launakjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem Kjaradómur ákveður laun skv. 2. gr. laga nr. 92/1986, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Mánaðarlaun eru þannig ákveðin, að ekki skal vera um frekari greiðslur fyrir venjubundin störf að ræða, þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Innheimtu- og uppboðslaun falla niður, þar sem um þau hefur verið að ræða.

Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.

2. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. Um orlofssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.

3. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar.

**2. Að taka ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna samkvæmt annarri og fjórðu grein sbr. 12. grein laga númer 75/1980 um þingfararkaup.**

---

Frá 1. júní 1991 skal þingfararkaup vera 175.018 krónur á mánuði. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun forseta sameinaðs Alþingis vera 192.623 krónur.